Það var ætlun vor að rannsaka eyðibæi í *Skagafjarðardölum* (XXIII. tafla) í þessari ferð. En áður en vér færum inn í dalinn, brugðum vér oss mánudaginn 16. ágúst norður yfir Héraðsvötn til að skoða Örlygsstaði, rétt fyrir sunnan Miklabæ og skamt frá Víðivöllum (sbr. Kaalunds Íslandslýsing, II, 73—4). Þar sjást að eins tvær lítilfjörlegar tóftir í kringlóttri girðing (XIV. tafla); hefir þar að líkindum aldrei verið sérstakt býli, heldur að eins þrælsgerði, þælar látnir búa þar og rækta þenna skika innan girðinganna. Þaðan fórum vér inn Blönduhlíð, komum í Flatatungu og skoðuðum útskornar fjalir úr gömlum skála, sem þar hafði staðið fram á þessa öld; lofaði eigandinn, að Forngripasafnið skyldi fá fjalirnar, sem eru merkilegar. Í Bjarnastaðahlíð eru og fjalir úr sama skála og voru þær sömuleiðis ánafnaðar safninu fyrir vora milligöngu. Frá Flatatungu fórum vér á kláf yfir Héraðsvötnin og komum í Goðdali um kveldið. Hinn 17. ágúst og tvo næstu daga rannsökuðum vér eyðibæi í Vesturdal og Austurdal, svo langt inn til fjalla, sem þar hefir nokkuru sinni bygð verið. Af múlanum milli dalanna er víðsýni mikið og fagurt; í suðri blasir við Hofsjökull og í norður sér út á Skagafjörð og héraðið þar inn af, en fyrir fótum vorum til beggja hliða eru hinir þröngu dalir, er Jökulsárnar falla um í gljúfragiljum, beljandi og hvítfyrsandi. Af múlanum fórum vér niður í Austurdalinn og riðum síðan inn fjallshlíðina, því að bæirnir flestir og selin hafa verið þar uppi á hjöllunum og túnin því verið í miklum bratta, inn í Skatastaði og yfir ána undan Ábæ. Þar er lítil torfkirkja, er tekur 20—25 manns, þiljuð í hólf og gólf og snotur innan. Þaðan riðum vér inn dalinn og skoðuðum þá bæi og sel, er þar hafa áður verið. Að eins á einum stað, í Tinnárseli, voru húsin enn uppistandandi og stæðileg, enda hafði þar verið haft í seli til þessa dags og fjárhúsin höfð sem beitarhús á vetrum. Með því að mjög var liðið á daginn, er þessari leit var lokið, skunduðum vér aftur niður dalinn. Milli Ábæjar og Merkigils eru ýmsar fornar bæjaleifar, þar á meðal Fitjar (XV. tafla), og einkum Kolgrímastaðir (XVI. tafla), hátt uppi í hlíðinni rétt á móti Skatastöðum; þar má sjá greinilegan túngarð, bæjarhús og fjárhús með heygörðum. Á Merkigili hittum vér ungan mann, er Snorri hét Jóhannsson og var fróður vel um forna bygð í dalnum; hann gaf mér ýmsar góðar bendingar. Hann fylgdi oss út í Merkigilið, sem er eitthvert hið stærsta og hrikalegasta gil hér á landi og ilt yfirferðar, enda hefir þar marg-

ur beðið bana. Á suðurbarminum er varða, er allir ferðamenn skulu kasta í steini til heilla sér, en vörðuna er sagt, að Guðmundur biskup Arason hafi vígt. Um nóttina í tungsljósi komum vér í Silfrastaði og hitti ég þar förunaut minn, er farið hafði áleiðis þangað um daginn með farangur vorn og nokkura hesta.

Eigi vildi ég láta hér staðar numið að sinni, heldur hafði ég nú í huga að kanna eyðibæi norður í ofanverðum *Bárðardal* í Þingeyjarsýslu (XXIV. tafla) og fórum vér félagar því beina leið norður á Akureyri og þaðan aftur 24. ágúst, er vér höfðum aflað þess, er ávant var, og endurbætt reiðskap vorn. Um nóttina gistum vér á Ljósavatni og fórum þaðan daginn eftir inn Bárðardal, er nefnist Króksdalur inst eða næst Sprengisandi og beygist þá töluvert til vesturs. Í Bárðardal skoðuðum vér nokkurar rústir beggja megin Skjálfandafljóts og komum að Lundarbrekku seint um kveldið. Næsta dag, 27. ágúst, skoðuðum vér nokkura eyðibæi með fram Svartá fyrir austan Skjálfandafljót. Í Bárðardal ofanverðum hefir sandfok úr Ódáðahrauni og öræfunum þar vestur af eytt bygðinni og færist uppblásturinn æ lengra og lengra niður eftir dalnum. Nú eru Bjarnastaðir, næsti bær fyrir sunnan Lundarbrekku, nær komnir í eyði, túnið nær allt orðið ein sandauðn og alt graslendi sorfið af þar nærlendis. Þar fyrir sunnan eru rústir eftir 4 bæi, sem fyrir æfalöngu hafa lagst í eyði, líklega fyrir 1318, því um þær mundir er getið hinna bæjanna, þeirra er nú eru þar enn nokkuru ofar í heiðinni, en þessir ekki nefndir (sbr. Ísl. fornbréfasafn). Um kveldið komum vér að Svartárkoti við Svartárvatn; þaðan er fagurt útsýni yfir vatnið og um flatneskjurnar suður til Ódáðahrauns; á þessum afskekta bæ er hýsing góð og vel um alt gengið. Bærinn er nú vestan við vatnið, en áður mun hann hafa verið sunnan við það, því að þar hefir jarðvegur fletst ofan af gömlum öskuhaug og miklu beinarusli; þar hefir því verið bær í námd. Með því að ég hafði frétt til bæjarrústa inni í Ódáðahrauni norðanverðu, þá hafði ég ásett mér að fara þangað og hafði því fengið Jón bónda Þorkelsson á Jarlsstöðum til fylgdar, en hann er manna kunnugastur um þessar slóðir og hefir oft fylgt ferðamönnum suður í Öskju síðan 1876. Snemma morguns, 27. ágúst, lögðum vér upp frá Svartárkoti og héldum áleiðis til Suðurár, riðum upp með ánni hálfa aðra klukkustund um grösugar fitjar og víðirunna, en hinu megin árinnar er hraunið svart og óvistlegt. Sunnan megin árinnar eru rústirnar (VII., XIX. og XX. tafla) af bænum, sem nú eru nefndar Hrauntunga; það nafn mun þó ekki vera gamalt; í jarðbók Árna Magnússonar stendur, að fyrir sunnan og austan Tungu í Bárðardal hafi verið eyðijörð í Skútustaða-afrétti, þar hafi sést margar

tóftir og það sé í munnmælum, að Skútustaðir, er þá stóðu við Mývatn svo sem nú, hafi staðið hér. Frá Hrauntungu brugðum vér oss suður í Öskju í Dyngjufjöllum; þaðan og að fjöllunum er að eins 2 klukkustunda reið; þá var bæði þoka og rigning og fremur ömurlegt um hraunið að ríða, þó hittum vér á Jónsskarð, sem kent er við fylgdarmann vorn, og vorum komnir niður í Öskju áður en oss varði og á þann sama stað, er prófessor Johnstrup hafði tjald sitt 1876. Þarna tjölduðum vér í úrhellisrigning og rosaveðri og áttum heldur dauflega nótt í tjaldinu, en hestarnir stóðu fyrir utan við hey það, er vér höfðum flutt með oss. Um morguninn var sama veður og var því engi annar kostur, en reyna að komast burt héðan sem fyrst; þegar vér komum niður úr fjöllunum, batnaði veðrið og rofaði fyrir sól við og við. Þá þótti oss jafnvel hið hrafnsvarta, illræmda hraun fremur geðslegt, einkum þar sem voru dálitlir grasgeirar eða melflákar og sauðkindur á rjátli. Meðan á þessari ferð stóð, hafði ég látið grafa upp rústirnar og var því starfi lokið næsta dag; af þeim grefti varð góður árangur. Daginn eftir, 29. ágúst, leituðum vér uppi gamalt sel í heiðinni vestur af Svartárkoti og komum að Mýri um kveldið til Jóns bónda Oddssonar, og fengum þar mjög góðar viðtökur. Hann er sunnlenzkur að ætt, fór áður oft norður í kaupavinnu og er kunnugastur Sprengisandsvegi þeirra manna, er nú eru uppi. Á Mýri héldum vér kyrru fyrir 1 dag og fórum svo 31. ágúst suður fyrir Kiðjagil, þar sem Sandur byrjar. Á þeirri leið könnuðum vér fornar bæjarrústir við Fiskiá (XX. tafla) og fundum þar nokkurar fornmenjar. Langa bæjarleið þar suður af er Íshóll og er þaðan fagurt útsýni yfir Íshólsvatn; bærinn hefir nú verið í eyði fáein ár, hálsarnir þar umhverfis eru nú berir og gróðurlausir, en fyrir 30 árum var þar enn töluverður skógur. Skamt frá Íshóli hefir til forna verið annar bær, er Hofgarður (XXI. tafla) hét; þar sjást margar girðingar og tóftir; þar hefir einhvern tíma verið stórbýli. Hinn 1. september lögðum vér upp á Sand í frosti og norðankafaldi, en veðrið batnaði eftir því sem á leið daginn og birti þá svo til, er vér vorum komnir á miðjan Sandinn, að sá til fjalla, Hofsjökuls með Arnarfellunum á hægri og Tungnafellsjökuls á vinstri hönd, en yfir Vatnjökli var þokumugga. Allur er Sprengisandur ein flatneskja með smáöldum, er verða æ minni eftir því, sem sunnar dregur. Norðan til á Sandi má sjá strá á stangli, stórgerðan mosa, jafna og fjallhrapa, en úr því varla annað en fjandafælu og mosatætlur. Hér og hvar mátti sjá fauska af víði og líklega af björk og tvívegis sáum vér eina sauðkind í stað norðarlega á Sandinum. Nær á miðjum Sandi riðum vér fram hjá stöðuvatni einu vestur af Fjórðungsöldu; þar sást hvorki kvikt né dautt. Á sumrin þornar

þetta vatn upp að mestu, svo sem önnur vötn á Sandi, eða sígur niður í hann, en vor og haust liggur það venjulega undir snjó. — Skjálfandafljót höfðum vér á vinstri hönd, sáum það þó aldrei, með því að það rennur í gili, og varla urðum vér þess varir, er halla tók suður af og vér komum niður í Þjórsárdrög; þar riðum vér yfir nokkurar smáár og komum eftir $9^1/_2$ klukkustundarferð niður í Eyvindarkofaver og tjölduðum þar; þessi ferð vor er einhver hin fljótasta, er farin hefir verið þessa leið með mörgum hestum, að eins sagðist fylgdarmaður vor hafa eitt skifti farið þarna einhesta á $7^1/_2$ klukkustund. Færð og veður var hið ákjósanlegasta. Umhverfis Eyvindarkofa (XXII. tafla) er töluvert haglendi og gnótt fugla á ám og vötnum. Í kofanum hafðist Fjalla-Eyvindur við um tíma á síðari hlut 18. aldar; nú er kofinn hruninn, en rústirnar glöggvar. Þaðan fórum vér daginn eftir, 2. sept., niður með Þjórsá að austan og yfir hana hjá Sóleyjarhöfða og vorum næstu nótt í tjaldi við Dalsá í 10^0 frosti. Næsta dag komum vér síð dags niður að Skriðufelli og gistum þar, en 4. sept. komum vér aftur að Stóranúpi; þar var þá fyrir Brynjólfur Jónsson og skoðuðum við þann sama dag rústir nokkurar þar í grendinni, sem nefndar eru Dofrastaðir (XXII. tafla), en komum 6. sept. í Reykjavík. Þar með var rannsóknarferðum mínum lokið að þessu sinni; þó skoðaði ég skömmu síðar fornar búðatóftir í Þingnesi eða Krossnesi við Elliðavatn sunnanvert, en norðan við vatnið sýndi Benedikt sýslumaður Sveinsson mér nokkurar búðatóftir undir barði einu, er nefnist Norðlendingaholt. Virðist bæði nafnið á holtinu, búðirnar og munnmælin, benda til þess, að hér hafi verið haldið þing, er Norðlendingar hafi sótt, líklega áður en alþingi var sett á Þingvelli við Öxará.

I.

Eyðibæir á Hrunamanna-afrétti og Biskupstungna-afrétti.

Svo sem kunnugt er, fellur Hvítá úr vatni einu miklu sunnan og austan undir Langjökli, er Hvítárvatn kallast. Landið upp með ánni beggja vegna hefir í fornöld verið miklu frjórra og byggilegra, en það er nú; þar eru flatneskjur miklar með öldum og hæðum, er áður hafa verið vaxnar björk, víði og lyngi, en lægðirnar verið fagrir grasflákar. Nú er mestallur jurtagróður horfinn, nema hér og hvar á láglendinu, og jarðvegurinn blásinn burt eða orðinn að aur og leðju. Þessi eyðing landsins hefir hér sem annars staðar ýmist orðið af mannavöldum, er menn eyddu skógunum til eldsneytis og skepnurnar rifu í sig nýgræðinginn og greinirnar í hungrinu á veturna og vorin, eða

af náttúrunnar völdum, öskufalli og leysingum, er sandur og leðja barst af hæðunum niður á láglendið. Er nú meiri hluti þessa svæðis ekki annað en sandar, urðir og aurar, en að eins hér og hvar sjást grænar flesjar í lægðum og fitjar meðfram ám og lækjum. Í bökkum sjást rætur af björk og víði og má af því ráða, að hér hafi verið töluverður skógur. Landið austan megin Hvítár upp af Hrunamannahreppi og alt norður að Jökulkvísl heitir Hrunamannaafréttur, en landið þar fyrir norðan og vestan, alt vestur að Hvítárvatni og Langjökli, heitir Biskupstungnaafréttur.

Brynjólfur Jónsson rannsakaði bygðaleifar á þessu svæði sumarið 1895 og er skýrsla hans um þær rannsóknir prentuð í Árb. 1896 og skal hér að eins fátt eitt telja, er þar er eigi tekið fram.

Búðarártunga og *Búðarárbakki* hafa, eftir því sem helzt má ráða af jarðabók Árna Magnússonar um Árnessýslu 1709 (357. bls.) eigi verið bygð ból fyr en á síðara helmingi 17. aldar. Þar segir svo: »Búðarártunga heitir syðsti jaðar af Ytrahreppsmannaafrétti; þar bygði býli fyrir nærri 50 árum einn fjörgamall maður [annars staðar í jarðabókinni er hann nefndur Þorkell], sem alla hans daga hafði af nýjungagirni skrölt frá einni jörð til annarrar og búið á 27 jörðum og setti þetta býli í óþakklæti . . . og bjó þar um 4 ár. Heyskapur var enginn, nema það hann sló blettum saman í afréttinni, en peningurinn lifði á gráviði mestan part. Hagarnir voru fyrir sunnan ána. Að 4 árum liðnum lagði hann sjálfur þetta býli í eyði og flutti sig yfir um ána og reisti þar annan bæ og kallaði hann *Búðarárbakka.* Þar bjó hann 9 eða 10 ár. Að síðustu flutti hann sig héðan í Skógarkot (Tungufellshjáleigu) og dó þar á sama ári. Heyskapur var hér enginn af útheysslægjum, nema það sem hann eins og fyrri sótti í afréttina, en túnið tók nokkuð að græðast upp, svo hann fékk þar á síðustu árunum hér um bil hálft kýrfóður, en nú er það aftur í öreit komið«. Á þessum stöðum er enga verulega fornlega tóft að sjá. Öll bæjarhúsin liggja um sameiginleg göng og öðru megin við bæinn hefir verið heygarður. Á ská fram undan bænum er að eins ein tóft. Fjárhús hafa þar engin verið (IX. tafla).

Rógshólar eru nú nær horfnir og sjást að eins steinar úr veggjunum á víð og dreif, kinda og stórgripabein; þar fundust og fáeinir kljásteinar.

Stangarnes og *Mörþúfur* eru algerlega horfnar.

Laugahvammar eru nú blásnir og komnir í urð og leir, þó sjást þar enn töluverðar rústir (VIII. tafla). Fjárhús hafa þar engin verið.

Á Þórarinsstöðum voru rústirnar enn glöggvar og voru þær algerlega grafnar upp. Fjóstóftin reyndist 13 fet á breidd hér sem annars staðar og margar beizluhellur stóðu á sínum stað. Niðri í öllum tóftunum var þykt vikurlag og má vera, að bærinn hafi farið í eyði af öskufalli, en það hlýtur að hafa verið fyrir lok 14. aldar, því að í Vilchinsmáldaga (1397) segir, að Hrepphólar eigi »afrétt alls fjár til Þórarinsstaða« (Dipl. Isl. IV, 45). Má af þessu marka, að bygðin um þessar slóðir hefir verið eydd fyrir nokkru, þar sem lönd jarðarinnar — og þá eflaust allra jarða þar fyrir ofan — voru orðin afréttur.

Um *Djáknadyngju* og *Djáknadys* er farið þessum orðum í jarðab. Á. M.: »Í austur-landnorður frá Stangarnesi, svo sem halfa bæjarleið, heitir Djáknadyngja eða Djáknadys; er stór húsrúst og þar hefir fundist smeltur kopar, járnamolar, brýni og annað þess slags, item nokkrar raftölur eða þess slags, eir nokkuð þunnt, lítið látúnsstykki. Smiðjusindur er þar í mergð og eru munnmæli, að þar hafi smiður búið einmana, aðrir segja einn, sem hafi smelt rauða, því skógur hefir þá nógur verið. Nokkrir þykjast heyrt hafa, að þessi maður hafi kallaður verið djákn, en ekki svo að vígslu verið. Skamt frá þessari rúst halda menn hann grafinn vera, þar sem sjái til leiðis. Menn hafa grafið í fyrnefndri rúst, en óveður féll á, svo ekki varð endir á verkinu og síðan hefir þar ekki verið viðhrært«.

Á Biskupstungnaafrétti voru til forna tveir bæir, annar rétt fyrir norðan Jökulkvísl og er hann nú gersamlega horfinn, en tóftir hins bæjarins eru enn sýnilegar vestur við Tjarná, austan árinnar og nær 2000 álnum norðaustur frá Hvítárvatni (IX. tafla). Undir veggjunum var vikurlag og virðist það benda á, að bærinn hafi verið reistur eftir það er sú aska féll; í sumum tóftunum var töluvert vikurlag, en í öðrum ekkert, má af því marka, að sum húsin hafi verið uppistandandi, er askan féll; þessi bær hefir því líklega eyðst í landskjálfta og öskufalli. Húsin hafa verið alls 5 og auk þess eitt umgirt svæði (*E*: 20 feta langt og alt að því 16 feta breitt) er líklega hefir verið heygarður. Stafninn á einu húsinu (*D*: 14 × 7 fet) hefir snúið fram á hlaðið og þar hafa verið dyr á; þetta hús hefir líklega verið útibúr eða skemma. Við hliðina á því hefir verið annað hús (*A*: 24 × 6 fet og *B*: 9 × 6 fet) og hliðin á því vitað fram; dyr hafa verið á hliðvegg nær öðrum enda og þverveggur þar fyrir innan, er skift hefir húsinu í 2 hólf; þar fundust 3 eldstór (við *b*, *c* og *h*) og kol og aska. Bak við þetta hús var annað miklu breiðara(C: 23 × 11 fet) og göng í milli; þrep úr torfi og grjóti voru meðfram veggjunum nær alt umhverfis og eldstór á gólfinu (*l* og *n*); þar var lítil gryfja (*m*) ferhyrnd (6 þuml. á hvern veg og 5 þuml. að dýpt)

og hlaðin innan af grjóti og hella í botninum; þar hefir eldur verið falinn í um nætur (feluhola). Aftast allra húsanna hefir verið sérstakt hús stórt (*G*: 14 × 8 fet) er líklega hefir verið fjós, enda þótt þar væri engar beizluhellur eða önnur glögg einkenni að finna. Dyr hafa verið inn í heygarðinn og þar út úr lítið hús (*F*: 8 × 4 fet), hesthús eða eitthvað þess konar.

Á ýmsum stöðum bæði í öskunni við eldstórnar og í veggjunum fundust nokkrar fornleifar (hringjur af bronsi, sumar snoturlega grafnar, snerill, steinkola, 4 eldtinnur, brýni o. fl.); enginn fanst öskuhaugur þar í nánd, að eins örlítið af kolum og ösku á einum stað, og hefir áin líklega skolað honum á braut.

Enginn efi getur á því leikið, að hér hafi verið vetrarhús eða bær, en eigi sel, því að húsin eru svo mörg og stór, en líklegt er, að þeir, sem hér hafa búið, hafi að mestu leyti lifað við sauðfjárrækt og veiði í vatninu.

II.

Eyðibæir í Skagafjarðardölum.

Inn af Skagafirði liggja til fjalla tveir dalir, er nefnast Vesturdalur og Austurdalur (XXIII. tafla). Um þá renna Jökulsá vestri og Jökulsá eystri, er koma frá Hofsjökli norðanverðum. Þessir dalir hétu til forna einu nafni Goðdalir. Vesturdalurinn skiftist í tvent skamt fyrir ofan kirkjustaðinn Goðdali; kemur Jökulsá vestri úr vestari dalnum, sem reyndar er ekki annað en stórt gil og hefir aldrei verið bygður, en austari dalurinn er miklu víðari og um hann rennur Hofsá, sem kend er við bæinn Hof vestan megin árinnar. Þessi dalur heitir Vesturdalur og í honum hefir bygðin verið. Austurdalurinn er öllu þrengri en Vesturdalurinn og hlíðirnar brattari, að minsta kosti með köflum, og beljar Jökulsá eystri niður eftir dalnum í þröngu hamragili. Eigi er hættulaust að ferðast um dalinn, því að hlíðirnar ganga víða snarbrattar niður í á og lausagrjótið hrynur undan fæti, er á það er stigið (V. tafla). Áður hafa dalir þessir verið víða mjög skógivaxnir, svo sem sjá má af kolagröfum þeim, sem þar finnast víða, og beitilönd hafa þar verið ágæt í hlíðunum og uppi á fjöllunum beggja megin, en nú er landið blásið og bert. Nú eru að eins 6 bæir bygðir í Vesturdal, en hafa áður verið miklu fleiri, alls 17 eða 18, og 4 í Austurdal, en þar segja munnmælin að verið hafi 25 bæir, enda sjást þar enn rústir af svo mörgum býlum. En sum þessara býla munu þó að eins hafa verið sel og fá hafa stórbýlin verið, því að engjar hefir vantað, þótt landrými að öðru leyti hafi verið mikið.

Vesturdalur.

Hálsakot (*a*) er eyðibær skamt fyrir norðan Goðdali og hefir líklega verið hjáleiga úr Goðdalalandi. Þessa kots er als eigi getið í jarðabók Árna Magnússonar um Skagafjarðarsýslu, er samin var á árunum 1709—13, og mun það vera af einhverri vangá.

Alt til loka 18. aldar var hér bygð, en um þær mundir var bærinn lagður í eyði og landið lagt undir Goðdali. Nú eru þar fjárhús, er reist hafa verið á rústum bæjarins. Þar sjást og ýmislegar tóftir innan túns og utan og öskuhaugur fram undan bænum. Í túninu er kringlótt tóft, 16 skref að þvermáli, og önnur lítil rétt innan við sjálfan hringinn. Utan túns hafa verið fjárhús með heygarði og önnur stór tóft, er gæti hafa verið stekkur.

Dalkot (*b*) er annar eyðibær spölkorn fyrir sunnan Goðdali. Í jarðab. Á. M. er kotið talið hjáleiga frá Goðdölum; áhöfnin er þar talin: »1 kýr, 25 ær, 8 veturgamlir [sauðir], 1 hestur, 1 hross, 1 ung hryssa, fóðrast kann 1 kýr að hálfu«.

Þessi bær var ekki kominn í eyði 1785, en það mun þó hafa orðið skömmu síðar og af líkum sökum sem Hálsakot. Síðast hafðist þar við gömul kerling. Þar er forn túngarður og ein tóft í túninu auk bæjarrústanna, þar sem nú eru fjárhús.

Snorrahús (*c*) eru ekki nefnd í jarðab. Á. M.

Í brekku einni nær 150 skrefum fyrir ofan ána er einstök tóft (10 x 5 skref) og mun þar hafa verið sel.

Þorljótsstaðir (*d*) voru 25 hundr. jörð samkvæmt jarðab. Á. M. og áhöfn: »1 kýr, 60 ær, 8 sauðir tvævetrir og eldri, 19 veturgamlir, 2 hestar, 2 hross, fóðrast kann 1 kýr að hálfu, 10 lömb, hitt á útigangi«. Þar segir og, að skógur hafi verið áður, en sé nú gjöreyddur, en rifhrís til eldiviðar og kola nægilegt, svo og »sortulyng, sem hér er gnægð af í landinu, sækja allmargir úr sveitinni og gjalda þó ekkert fyrir, fyrr eður síðar«.

Bærinn hér fór fyrst í eyði 1897; túnið er eytt af sandfoki. Húsin standa enn; bæjarhús eru: fjós, hlaða, eldhús, baðstofa, smiðja, hesthús, skáli, bæjardyr, búr og skemma; úr bæjardyrum eru göng til baðstofu og önnur til elhúss; þaðan er gengið í fjósið, sem tekur 2 kýr. Skálinn er óþiljaður innan.

Stafn (*e*) er í jarðab. Á. M. talinn stekkjarstæði frá Þorljótsstöðum; ætla menn, að þar hafi áður verið lögbýli, en er orðið óbyggilegt, »því að skriður hafa eyðilagt túnstæðið að miklu leyti«. Í jarðab. segir og, að hér sé tvennar girðingar aðrar, »sem aldrei hafa bygðar verið svo menn viti, líkast verið hafi bygð í fyrndinni; það er nú alt í hrjóstur komið«.

Bærinn var á háum hjalla í hlíðinni og stórt tún umhverfis. Nú eru þar beitarhús frá Þorljótsstöðum; þau eru þar sem bærinn var áður. Þar fyrir sunnan eru tóftir af tvísettum fjárhúsum (lengd 12 skref, breidd 4 og 6 skref).

Þrælsgerði (*f*) er ekki nefnt í jarðab. Á. M., en gæti verið önnur þeirra girðinga, sem sagðar eru vera í grend við Stafn.

Það stendur uppi í hlíðinni kippkorn fyrir sunnan Stafn og skamt fyrir norðan Hringanes, nær 200 álnir frá ánni (X. tafla). Lækur rennur niður hlíðina sunnan við túnið. Aur hefir runnið á nokkurn hluta túnsins. Að norðan og vestan markar fyrir túngarði, en að sunnan er lækurinn. Ein tóft greinileg sést efst innan við túngarðinn (3 x 10 skref) og snýr stafninn að ánni; þar geta hafa staðið fleiri hús samhliða, sem þá eru komin í aur. Nafnið bendir á, að hér hafi þræll verið látinn hafast við með hyski sínu. Þetta býli hefir líklega verið í Hringaneslandi. Fyrir sunnan lækinn er stór girðing (90 x 50 skref), er líkist nátthaga.

Hringanes (*g*) er ekki nefnt í jarðab. Á. M., en gæti verið önnur þeirra girðinga, sem sagðar eru vera í grend við Stafn.

Skamt fyrir sunnan Þrælsgerði er kringlóttur túngarður, 50—80 skref fyrir ofan ána og brött brekka fram undan niður að ánni (X. og XI. tafla). Þar á barminum standa tóftir af bæjarhúsunum (1) í einni lengju og smáklefar að húsabaki. Framhliðin sýnist hafa snúið frá ánni vegna gilbrekkunnar. Í þessari þyrping getur hafa verið fjós og heygarður; hún er 50 x 16 skref. Tóftin 2 er greinileg (10 x 16 skref); tóftin 3 er löng og mjó (4 x 8 skref) og gæti hafa verið kvíar, en tóftin 4 (4 x 5 skref) hefir líklega verið hesthús eða smiðja. Aðrar tóftir eru ekki á túninu. Fyrir sunnan húsið eru nokkurar ferhyrndar gryfjur (6), sem menn halda að verið hafi kolagrafir. Utan túns er einhver rúst, er líkist tóft, en vel má vera að þar sé jarðvegurinn að eins grafinn svo sundur af vatni.

Hraunþúfuklaustur, *Klaustur* eða *Klausturhólar* (*h*) er nefnt í jarðab. Á. M. og talið vera í afréttinni frá Hofi. »Þar sést lítið til girðinga og tóftaleifa mikilla, svo sem þar hafi stórbýli verið. Ekkert vita menn til þess, nema munnmæli segja, að í þessu plátsi skuli fundist hafa klukka sú, sem nú er á Goðdölum. Þetta land er í afréttinni og brúkast frá Hofi, svo sem hennar [ɔ: þess] eigið land. Tvennar girðingar sjást hér enn, sem ekki er nafn gefið; meinast verið hafa þrælsgerði«.

Það hefir verið insti bær í dalnum og vestan megin Hofsár, í fögrum hvammi, þar sem Hraunþúfukvísl rennur í hana, og langt (nær 1 mílu) frá mannabygðum. Þangað koma að eins gangnamenn á

haustum og liggja þá í helli einum í fjallinu fyrir norðan bæinn. Munnmæli segja, að hér hafi verið nunnuklaustur og húsin hafi verið svo mörg, að 50 hurðir hafi verið á járnum. Sagt er, að nunnurnar hafi grafið niður kistil fullan af peningum í Hraunþúfu, sem svo er kölluð, en það er stór klettur efst utan í fjallinu Hraunþúfumúla. Fjöllin umhverfis eru snarbrött og með háum gnípum. Sagt er, að í einhverri rústinni hafi fundist kirkjuklukka (eða öllu heldur brot af klukku), sem síðan var send út, til Danmerkur, og steypt upp af nýju. Sú klukka er nú í Goðdalakirkju.

Mér þykir ekki ósennilegt, að hér hafi verið klaustur einhvern tíma, enda þótt engin skilríki finnist í fornum skjölum um að svo hafi verið; hér hefir verið einkar fagurt land, er hlíðirnar voru skógi vaxnar og láglendið í dalnum grösugt. Kirkja sú, sem hér hefir verið, getur varla hafa verið sóknarkirkja annarra dalbúa, því að þessi staður er svo afskektur, en þar á móti er óhjákvæmilegt, að kirkja hafi verið hér, ef hér hefir verið klaustur.

Það er með öllu óvíst, hvar kirkjan hefir verið, en munnmælin segja, að það hafi verið tóftin 1, sem er þrískift og 5 × 5, 10 × 7 og 5 × 7 skref, Þá er tóftin 2, sem er 5 × 10 skref; tóftin 3 er ógreinileg og tóftin 4 er opin í annan enda og hefir líklega verið kví eða rétt. Tóftin 5 er stærst, 24 × 12 skref, og hafa þar eflaust staðið mörg hús saman í þyrping; þar hefir líklega verið bærinn. Tóftirnar 6 og 7 eru ógreinilegar; hin fyrri getur hafa verið fjárhús með heygarði.

Fulla nauðsyn bæri til að grafa upp þessar tóftir, en það mundi kosta ærið fé, bæði sökum fjarlægðarinnar og stærðar tóftanna.

Tunga (*i*) er ekki nefnd í jarðab. Á. M

Bærinn (XI. tafla) hefir legið í mjórri og mjög hallri brekku milli tveggja hóla. Þar hefir ekki getað verið tún, því að þar er ekki neitt túnstæði og engar eru þar girðingar umhverfis. Kúabú hefir þar því ekki verið, en sauðfé hefir mátt hafa þar. Tóftirnar eru 6 og allar samfastar. Í þeirri lengju, er veit niður að ánni, hafa verið 4 hús og 2 í þeirri, er veit upp í brekkuna. Tvö af húsunum í fremri lengjunni (*a* og *b*) munu hafa verið bæjarhús, hin tvö (*c* og *d*) fjárhús; húsin í efri lengjunni (*e* og *f*) hafa og verið fjárhús. Fyrir framan húsin hefir verið kví eða rétt (*g*).

Hrafnsstaðir (*j*) eru nefndir í jarðab. Á. M. sem fornbýli í Hofslandi. »Hér sjást glöggvar girðingar og tóftaleifar«.

Bærinn (XIII. tafla) hefir staðið í miklum halla, nær 30 skrefum fyrir ofan ána, nokkurn veginn gegnt Snorrahúsum. Túngarðurinn er glöggur og húsin hafa legið á víð og dreif um túnið; að eins 2 hús (tóftin 3) sýnast

hafa verið áföst hvort öðru; má vera, að þar hafi verið sjálfur bærinn (lengd 8 skref og breiddin 4 og 6 skref); hinar tóftirnar hafa þá verið fjós o. s. frv.

Hamarsgerði (*k*) er nefnt í jarðab. Á. M. sem fornbýli í Hofslandi, en að eins sagt, að þar sé girðingar og tóftaleifar.

Hér eru nú beitarhús frá Hofi, en áður hafði þar verið haft í seli frá sama bæ. Túngarður er hér glöggur, en beitarhúsin standa í hinum fornu tóftum.

Á þessu svæði vestan megin Hofsár segja munnmæli, að verið hafi fornbýli eitt, sem *Hrísastaðir* hét; engin merki þessa býlis sjást þó nú á tímum og enginn veit, hvar þeir hafa verið, enda eru þeir ekki nefndir í jarðab. Á. M. Aftur á móti eru þar nefnd tvö önnur fornbýli: *Pétursssel* og *Traðir*, sem merki sjáist til af girðingum og tóftaleifum; þessi örnefni munu nú og vera algerlega glötuð.

Í Bakkakotslandi yzt í dalnum austan megin Jökulsár eru í jarðab. Á. M. nefnd tvö örnefni: 1. *Vindheimar*, þar sem verið hafi fornt býli »og eru þar girðingar og tóftaleifar; hér eru nú fjárhús frá heimajörðinni; enginn man hér hafi bygt verið«. 2. *Guttabú*, »þar sést til einnar tóftaleifar og engra girðinga. Ætla menn hér hafi aldrei bygt verið fyrr né síðar«.

Önnur býli eða sel, en þau er nú hafa verið talin, hafa aldrei verið í Vesturdal. Menn vita með vissu, hvenær sum þeirra lögðust í eyði, en munnmæli segja, að hin flest hafi eyðst í Svartadauða. Hitt er þó sennilegra, að bygðin hafi eyðst smámsaman eftir því sem skógar þurru í fjöllunum og grassvörðurinn blés burt eða fór í skriður.

Austurdalur.

Öxl (*1*) er ekki nefnd í jarðab. Á. M.

Vestan í hálsinum fyrir sunnan Merkigilið sést túngarður og tóftir af 3 húsum að minsta kosti.

Land þessarar jarðar liggur undir *Merkigil* (*2*), sem nú er neðsta bygt ból í dalnum. Menn hefir greint á um, hvort Merkigil eða Ábær, sem enn er bygður, hafi verið landnámsjörð. Í Landnámu stendur, að Önundur víss hafi búið »milli á« og virðist það heldur benda til, að þar sé átt við Ábæ; orðatiltækið »á millum á« er í Auðunarmáldaga 1318 (Dipl. Isl. II, 463) haft um jörðina eða kirkjustaðinn Ábæ og hefir það upphaflega táknað alt landið milli Ábæjarár og Tinnár og síðan verið haft um helzta bæinn á þessu svæði; bæjarnafnið Ábær er þá síðar til komið og búið til úr hinu eldra orðatiltæki. Að

öðru leyti hefir Merkigil verið og er enn miklu meiri jörð en Abær sökum landrýmis og annarra kosta.

Leiti (*3*) er í jarðab. Á. M. nefnt *Leitisstekkur*, er sé í Merkigilslandi, »og sjást girðingar, sem verið muni hafa þrælsgerði, en bygð aldrei og getur ekki verið«.

Hér sést enn túngarður og nokkurar tóftir á túninu.

Fjósar (*4*). Þessa býlis er ekki getið í jarðab. Á. M., en aftur á móti er þar getið um annað fornbýli í Merkigilslandi, sem heitið hafi *Selgrundir*, og er farið sömu orðum um það sem um Leitisstekk. Má vera, að Fjósar og Selgrundir sé sama örnefnið.

Hér er stekkur frá Merkigili og stendur hann í gömlum fjárhústóftum. Gamall túngarður er hér umhverfis.

Fitjar (*5*). Í jarðab. Á. M. er þetta fornbýli talið í Merkigilslandi og sagt, að þar sé fjárhússtæði. »Þar eru fornar girðingar og segja menn þar hafi bygð verið í gamalli tíð. Aldrei bygt í manna minni, nema 1 ár; eru nú 17 ár síðan«.

Bærinn hefir staðið á stórum grundum og fögrum (XV. tafla). Rústir sjást hér af tveim fjárhúsum áföstum hvoru við annað; við fjárhúsin eru tvær ferhyrndar girðingar, sem verið hafa matjurtagarðar. Annað fjárhúsið hefir verið 9 og hitt 3 skrefa breitt. Í breiðara húsinu hefir því verið garði, en í hinu jata undir annarri hliðinni. Menn ætla, að rústir þessar sé ekki meira en 100 ára gamlar. Skamt fyrir sunnan þessar rústir eru tvær áfastar tóftir, önnur löng og mjó, en hin miklu styttri; þar hefir að líkindum verið stekkur.

Miðhús (*6*) eru í jarðab. Á. M. talin 15 hundr. að dýrleika, áhöfnin var 2 kýr, 1 kálfur, 68 ær, 1 sauður gamall, 3 tvævetrir, 14 veturgamlir, 1 hestur, 3 hross. »Fóðrast kann á allri jörðinni 1 kýr og ekkert meir á heyjum. Hitt alt á útigangi«.

Þessi jörð var bygð til 1810, en eftir það voru hér húsmenn til 1853. Síðan hefir enginn búið hér að staðaldri, heldur er hér haft í seli frá Merkigili, því að landkostir eru góðir á sumrin.

Kolgrímastaðir (*7*) eru í jarðab. Á. M. taldir fornt eyðiból í Miðhúsalandi. »Þar hefir um langan aldur ekki bygt verið og túnið alt í hrjóstur komið«. Munnmæli segja, að býli þetta hafi verið komið í eyði fyrir Svartadauða.

Bærinn hefir staðið á bröttum hjalla hærra uppi í hlíðinni en flestir aðrir bæir í dalnum (XVI. tafla). Þaðan er fagurt útsýni bæði inn og út dalinn. Túngarður er umhverfis alt túnið, nema á litlum kafla að vestan; þar er snarbrött brekka niður. Lækur rennur um túnið sunnanvert. Þar eru þessar tóftir: Bæjarhúsin (1) í tveim lengjum; í fremri lengjunni hafa verið tvö hús (*a* og *b*), en þrjú í

hinni eftri (*c*, *d*, *e*) og hefir húsið snúið undan brekkunni. Húsið *c* hefir líklega verið kofi út úr húsinu *a*. Dyr sýnast hafa verið á hinum tveimur (*d* og *e*) á húsabaki og má vera, að annað þeirra hafi verið fjós. Tóftin 2 gæti hafa verið smiðja. Tóftirnar 3, 4 og 5 virðast hafa verið fjárhús. Tóftin 4 hefir verið tvísett fjárhús og heygarður aftan við. Tóftirnar 8 og 9 eru mjög ógreinilegar og virðast vera eldri en hinar.

Þverá eða *Þverárkot* (*8*) er nefnt í jarðab. Á. M. sem fornt eyðiból, »sem nú er eignað Miðhúsum fram á Ábæjardal. Auðn um langan aldur; alt túnstæði komið í hrjóstur og má ei aftur byggja«.

Við *Brennigil* markar fyrir dálitlum túngarði og þar inni á túninu sést ein tóft þrískift og mynda öll húsin eina lengju. Þar hefir á síðari öldum verið sel frá Miðhúsum. Sumir hafa getið til, að þar hafi bærinn Þverá staðið; að öðru leyti er örnefni þetta glatað.

Á *Ábæ* (*9*) er enn búið og þar er kirkja Austdæla. Árið 1318 var sóknin sérstakt brauð og prestsetrið á Ábæ (Dipl. Isl. II, 463), en 1488 er jörðin talin tilheyra Goðdalakirkju (s. st. IV, 342) og svo mun hafa verið æ síðan. Í jarðab. Á. M. er sagt, að sandfok spilli túninu, og nú er jörðin mjög úr sér gengin. Þar segir og, að á *Ábæjarseli* eða *Arastekk* sjáist túngarður og ætli menn, að þar hafi verið þrælsgerði.

Svartabakki (*10*) er nefndur í Jarðab. Á. M. sem fornt eyðiból í Ábæjarlandi og sagt, að þar sé »girðingar sem verið hafi þrælsgerði, en bygð aldrei«.

Hér er dálítið tún, 250 × 150 fet með túngarði umhverfis. Á túninu eru rústir af stekk, sem hlaðinn hefir verið upp úr eldri tóftum. Þar eru og tvær aðrar tóftir samanfallnar og ógöggvar.

Ófriðarstaðir (*11*). Um þá stendur í jarðab. Á. M.: »Þriðja þrælsgerði (í Ábæjarlandi) eður kannske bygð í gamalli tíð, því hér sjást húsaleifar innangarðs. Aldrei hefir hér bygst í manna minni og má ekki aftur byggja, því túnstæði er alt í hrjóstur komið«.

Umhverfis túnið er túngarður og fáeinar mjög fornlegar og ógöggvar tóftir á túninu.

Til er munnmælasaga um, að Skagfirðingar og Eyfirðingar hafi einhvern tíma barist hér í grend við bæinn og hafi bærinn nafn sitt af þeim viðskiptum. Söguna um viðureign þeirra tek ég hér upp eftir frásögn Snorra Jóhannssonar á Merkigili:

Munnmælasögn um bardagann á Ófriðarstöðum.

Kippkorn fyrir utan Tinnársel eru sléttar grundir, sem kallaðar eru Ófriðarstaðagrundir; hafa þær fyr meir verið breiðar, en nú er Jökulsá bú-

in að mylja þær svo upp, að að eins er örmjó ræma eftir meðfram fjallshlíðinni. A grundum þessum er mælt, að til forna hafi verið háð orrusta af Austdælum og Eyfirðingum. Hver ófriðarástæðan hafi verið, vita menn ekki, nema hvað líklegt þykir, að Austurdalsafréttin hafi á einhvern hátt verið þrætuefnið. Ekki eru heldur neinar sagnir um, nær orrusta þessi hefir verið háð, því að hvergi er hennar getið, svo eg viti, í neinum sögum.

Sagan segir, að bardaginn hafi byrjað á Ófriðarstaðagrundum og hafi þar orðið allmikið mannfall af hvorumtveggju, en er á bardagann leið, hafi Eyfirðingar látið undan síga og loks brostið flótti í liði þeirra. Eltu Austdælir þá upp á Nýjabæjarfjall (þar var fyrrum vegur milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar) og ráku flóttann alla leið norður af og ofan í dal þann í Eyjafyrði, er Torfafellsdalur heitir; snerust Eyfirðingar þá í móti og gjörðu snarpa hríð að Austdælum; féll þá annar fyrirliði þeirra Austdæla, er Leifur hét, en aðrir nefna hann Hjörleif, í dæld einni, er við hann er kend og kölluð Leifsskál. Hinn fyrirliði Austdæla, er Sverrir hét og var bróðir Leifs, féll skömmu þar á eftir í þverdal litlum, er síðan er kallaður Sverrisdalur.

Sagt er, að á meðan bardaginn stóð á Ófriðarstaðagrundum hafi hermennirnir hent á milli sín steini, er þar stendur og Letingi er kallaður; er hann breiðastur um miðjuna, en mjókkar svo til beggja enda. Lengd hans er 1 al. 4 þuml., þykt 12 þuml. og breidd um miðju 1 al.

Á Ófriðarstaðagrundum eru dysjar, en sumar af þeim eru nú algjörlega blásnar upp; hafði þar fyrir 30—40 árum verið mjög mikið af mannabeinum. Árið 1890 kom eg að dysjum þessum, en fann þá að eins þrjá mannsjaxla, er eg hafði heim með mér.

Aldrei hefi eg heyrt þess getið, að nokkrar vopnaleifar eða þess háttar hafi fundist þarna, enn 1840 fann Halldór bóndi Halldórsson á Nýjabæ silfurhring þar, er hann brúkaði síðan ávalt á þumalfingri, því að annars staðar hæfði hann ekki. Einnig hefi eg heyrt, að sami Halldór hafi fundið hjá dysjunum koparpípu, en um útlit hennar og lögun hefi eg ekki heyrt getið.

Tinnársel (*12*) er í jarðab. Á M. talið 12 hundr. að dýrleika. »Nú í eyði að kalla síðan bóluna (1707), nema hvað búandinn á Ábæ leigir land og grasnautn fyrir 20 ál. Fóðrast kunni 1 kýr naumlega; hinu öllu vogað á útigang. Er svo mælt, að þetta sé helmingur af jörðinni Ábæ og hafi til forna ein jörð verið og þetta Tinnársel bygt í selstöðinni«.

Tinnársel stendur skamt fyrir norðan Tinná og hefir þar verið bygð að minsta kosti við og við, til 1820, en húsmenn voru hér fram um 1850. Nú er landið notað frá Ábæ og haft þar í seli á sumrum, en húsin höfð sem beitarhús á vetrum (sjá mynd á 30. bls. hér að framan). Standa bæjarhúsin nú þar sem bæjarhúsin voru áður. Kvíarnar eru þar nálægt.

Nýibær (*13*) er í jarðab. Á. M. talinn 15 eður 16 hundr. jörð, áhöfn »1 kýr, 24 ær, 2 sauðir tvævetrir og eldri, 7 veturgamlir, 1 hross, 1 unghryssi, 1 foli veturgamall. Fóðrast kann 1 kýr. Hinu vogað á útigang, en kýrin framdregin á heyi. Skóg hefir jörðin átt og er hann nú mjög eyddur. Hrísrif brúkast til eldiviðar og að bjarga nautum. Hvanna og rótatekja nóg, en svo í fjarska, að ábúandi getur ekki notið. Berjalestur yfirfljótanlegur«.

Hér var bygt ból lengstum til 1882, er túnið eyddist algerlega af sandfoki.

Fagrahlíð (*14*) er í jarðab. Á. M. talin »eyðiból framfrá Nýjabæ, hefir í auðn verið um langan aldur, þó eru þar sýnileg byggingarmerki, girðingar um tún og tóftaleifar. Túnstæði alt í hrjóstur komið og fyrir því örvænt að byggja, þar engin slægjulönd liggja svo nærri, að rækt verði á komið. Annars eru hér hagar merkilega góðir sumar og vetur«.

Líklegt þykir, að Fagrahlíð hafi verið þar, sem nú er kallað *Fagrabrekka*, en engar rústir sjást þar.

Hlíðarsel (*15*) er ekki nefnt í jarðab. Á. M. Þar hafa á síðari tímum verið beitarhús frá Nýjabæ, en eru nú lögð í eyði. Má vera, að hér hafi áður verið bær, en það er þó með öllu óvíst.

Sandgil eða *Hjálmarssel* (*16*) er ekki nefnt í jarðab. Á. M. Það stendur lengst inni í dalnum, 3—4 tíma reið frá Merkigili. Hjálmar Jónsson frá Bólu gerði hér bæ af nýju, þá er hann á árunum 1825—30 bjó á Nýjabæ, því að honum þóttu landkostir betri hér en heima, og hélzt hann hér þó að eins við fá ár. Við hann hefir staðurinn síðan verið kendur. Á túninu sjást mjög fornlegar tóftir og hefir þar því eflaust verið bær einhvern tíma í fyrndinni; segja munnmæli, að þar hafi áður heitið Sandgil.

Selsvellir (*17*) eru nefndir í jarðab. Á. M. Þeir eru »fyrir vestan Jökulsá hina eystri. Þar eru sýnileg bygðarmerki og túngarðaleifar; segja menn, að þar hafi búið verið fyrir þeirra minni, sem nú lifa. Það land eigna nú sumir Skatastöðum, sumir Bjarnastaðahlíð, sem liggur í Vesturdölum, og þaðan var það brúkað fyrir selstöðu, þegar stóllinn [biskupsstóllinn á Hólum] hafði þar bú í tíð herra Guðbrands. Ómögulegt er að byggja hér aftur, því að bæði eru heyvonir öngvar og hagarnir í urðir og mosa komnir. Skógur er hér lítill í þeim landsreit, sem kallaður er Sperðill, en nú bjarglegur til kolgjörðar«.

Selsvellir hafa verið insti bærinn í dalnum vestan megin Jökulsár; markar þar enn fyrir túngarði og á túninu sjást 3—4 tóftir; sumar þeirra sýnast vera fjárhús frá síðari öldum.

Skatastaðasel (*18*) er nefnt í jarðab. Á. M. og sagt, að þar sé girðingar umhverfis og svo aðrar girðingar þar fyrir utan, sem ekki er nafn gefið; ætli menn að á báðum stöðunum hafi verið þrælsgerði áður.

Hér hefir verið haft í seli frá Skatastöðum á síðari tímum.

Hólakot (*19*) er ekki nefnt í jarðab. Á. M., en munnmæli segja, að hér hafi verið bær, er farið hafi í eyði í Svartadauða. Umhverfis túnið hefir verið túngarður, að minsta kosti á nokkrum kafla, og á túninu sjást enn 4 tóftir (XV. tafla).

Á *Skatastöðum* (*20*) er enn búið og er þar landrými mikið, en heyskapur lítill og örðugur. Í jarðab. Á M. segir, að eyðijörðin Skuggabjörg hafi verið lögð undir Skatastaði.

Bugshús (*21*) eru ekki nefnd í jarðab. Á. M., en munnmæli segja, að hér hafi verið bær; sumir ætla þó, að hér hafi að eins verið beitarhús frá Skatastöðum. Engar er hér tóftir að sjá og ekkert, er sannað geti sögu munnmælanna.

Skuggabjörg (*22*). Þá er jarðab. Á. M. var samin, hafði jörðin staðið í eyði í 4 ár. »Er almenningsmál, að þetta sé bygt úr Skatastaðalandi og sé fjórðungur úr jörðinni. Jarðardýrleiki ætla menn sé 5 hundr. Nú leigir ábúandinn á Skatastöðum þetta land kúgildislaust næsta ár fyrir 30 álnir, áður fyrir 10 ál. um 2 ár. Fóðrast kunni 1 kýr naumlega. Nú er skriða fallin yfir túnstæðið, svo það er næsta örvænt, að aftur megi byggja«.

Munnmælin segja, að búið hafi verið á Skuggabjörgum fram um 1780; ef svo er, þá hefir jörðin bygst aftur. Hér er enn nokkuð stórt tún og beitarhús frá Skatastöðum; standa þau þar, sem bærinn var áður, uppi í hlíðinni; þar vestur af markar vel fyrir túngarði. Á túninu eru tvær gamlar tóftir.

Einirlækur (*23*). Í jarðab. Á. M. er fornbýli þetta nefnt Einirlækir. «Sjást hér túngarða og tóftaleifar. Enginn man hér hafi bygt verið og sýnist ekki mega hér aftur byggjast. Er ágreiningur milli Bjarnastaðahlíðar og Skatastaða, því hvorirtveggja vilja þessa Einirlæki eiga; það er ei með lögum reynt«.

Í miklum halla rétt fyrir sunnan lækinn, Einirlæk, og niður við Jökulsárgilið sést gamall túngarður og tvær tóftir inni á túninu ofanverðu (XIV. tafla).

Gerðislækur (*24*) er ekki nefndur í jarðab. Á. M., en munnmæli segja, að býli eða sel með þessu nafni hafi verið fyrir sunnan Bústaði, þótt menn geti nú eigi vísað á staðinn eða bent á neitt til sönnunar þessu máli.

Yzt í dalnum að vestanverðu eru Bústaðir (*25*), sem enn eru

bygðir. Samkvæmt jarðab. Á. M. eignaði eigandi Bústaða sér Einirlækjarland til selstöðu, svo sem verið hefði til forna, og var af því risin þræta milli hans og eiganda Bjarnastaðahlíðar í Vesturdal.

III.

Eyðibæir í Bárðardal.

Bárðardalur (XXIV. tafla) er víða yndisleg sveit, en hefir þó verið enn fegurri á fyrri tímum, er láglendi alt var vafið grasi og víði og skógur huldi allar hlíðir. Fjallgarðurinn vestan við dalinn er víða brattur og hvassar brúnir efst, en uppi á fjallinu eru flatneskjur miklar, sem nú eru nær gróðurlausar, en hlíðirnar eru grösugar, einkum um miðbik dalsins, og skógurinn þar er í uppgróðri, síðan hætt var að höggva hann til kola. Austan við dalinn eru lágir hálsar, skóglausir að kalla og uppblásnir að framan, en uppi á heiðinni eru góðir hagar. Í Bárðardal eru vestanvindar og suðvestanvindar tíðastir, og hafa þeir valdið miklum landspjöllum í hlíðunum austan við dalinn. Þó er insti hluti dalsins verst útleikinn; þar hefir uppblástur landsins byrjað og þar er hann kominn lengst á veg; sést þar nú víða varla stingandi strá, er áður voru blómlegar bygðir.

Rauðá (*1*) og *Úlfsbær* (*2*) eru enn bygðir.

Arndísarstaðir (*3*). Þá er jarðabók Árna Magnússonar um Þingeyjarsýslu var samin 1712, hafði »hér um bil fyrir 50 árum«, verið bygt kot á selstæði heimajarðarinnar og var það ýmist kallað *Arndísarstaðasel* eða *Heiðarsel* (*10*) en var þá í eyði; »fóðrast kunni seinast bygt var 1 ungneyti«. Nú er þar bygt ból. — Á öðru selstæði jarðarinnar, er einnig hét *Arndísarstaðasel*, »framarlega í landinu«, bjó fátækur maður um 2 ár »fyrir hér um 40 árum, en hvorki hefir það bygst áður né síðan«.

Kálfborgará (*4*). Í jarðab. Á. M. er nefnt örnefni í landi þessarar jarðar, *Bárðarstað.r*, »skamt fyrir sunnan, þar sem nokkur merki fornra tóftarústa og lítilla girðinga sjást; efast menn samt, að hér hafi bygð verið, þó nafnið sýnist til þess ærið líklegt«.

Brenniás (*5*) er ekki nefndur í jarðab. Á. M. (sbr. Jarðatal Johnsens. Kh. 1847. 323. bls.). — Þar er nú bygð.

Jarlsstaðir (*6*). Í jarðab. Á. M. stendur: »*Arnarstaðir* heitir fornt eyðiból hér utarlega í landinu og eru þar byggingarmerki sýnileg, tófta og girðinga«.

Hrappsstaðir (í jarðab. Á. M. kallað Hrafnsstaðir) (*7*). Þá er jarðab. A. M. var samin, var *Hrappsstaðasel* (Hrafns-

staðasel í jarðab. Á. M.) »selstaða heimajarðarinnar; þar hefir búið verið í tvö eður þrjú ár fyrir 40 árum og hafði sá part af heimajörðinni, sem á selinu var«.

Sigurðarstaðir (*8*) eru enn bygðir.

Sandvík (*9*). Í jarðab. Á. M. er henni lýst svo: »Eyðijörð. Hefir af fallið fyrir sandfoki hér um fyrir 50 árum svo gjörsamlega, að hér sjást nú engin byggingamerki og alt túnið er uppblásið í blásand«. — Hér er nú bygt ból.

Heiðarsel (*10*). Sjá nr. 3.

Hörgsdalur (*11*) í Skútustaðahreppi. Sagt er, að þar hafi fundist nýlega »blótsteinn« og kringlótt hola í, 3 þuml. djúp og 12 þuml. breið og bryggja umhverfis. — Bærinn er enn bygður.

Engidalur (*12*). Í jarðab. Á. M. er hann nefndur hjáleiga frá *Lundarbrekku* (*14*): »bygð fyrir vel 40 árum upp á heiðinni á selstæði staðarins . . . og reiknast kotið fyrir fjórða part allrar jarðarinnar«. — Er enn bygður.

Stóri Ás (*13*). Þetta býli er hvergi nefnt í jarðabókum. — Þar er nú bygð.

Lundarbrekka (*14*) er enn kirkjustaður.

Grjótárgerði (*15*) er ekki nefnt í jarðab. Á. M. Í Jarðatali Johnsens. Kh. 1847, er þetta býli nefnt, svo og í Jarðabókinni 1860. — Þar er enn bygð.

Víðiker (eldra nafn Víðikjörr) (*16*). Í jarðab. Á. M. er það talið »heimaland Einarsstaða í Reykjadal«. Þar er enn bygt ból.

Litla Víð ker (*17*) er ekki nefnt í jarðab. Á. M., en svo er nú kallað fornbýli eitt (XVII. tafla), er stendur í halla fyrir austan Svartá. Hæðin, sem bærinn hefir staðið í, er blásin að ofanverðu. Á túninu sjást 8 glöggvar tóftir, auk túngarðs. 1. Bærinn efst á túninu; þar hafa verið 2 hús í fremri lengjunni og að minsta kosti 3 í hinni eftri og auk þess 1 við suðurstafninn; þá er grafið var í annað framhýsið, fanst þar eldstó, kol og aska. Sennilegt er, að eitt bakhýsanna hafi verið fjós og tóftin við suðurstafninn heyhlaða. 2. Lítil ferhyrnd tóft frammi á hlaðinu gæti hafa verið smiðja. 3. Tvískift tóft og þar norðan við opin girðing; líklega fjárhús og heygarður. 4. Ferhyrnd tóft og önnur lengri óglögg tóft sunnan undir; líkl. fjárhús og heygarður. 5. Lítið hús (10 × 5 skref); líklega hesthús. 6. Löng og mjó girðing (22 skref); líklega kvíar. 7. Óglögg tóft, opin í vesturenda. 8. Tvískift tóft (7 × 10 × 4 skref); líklega fjárhús og heyhlaða.

Víðigerði (*18*) er ekki nefnt í jarðab. Á. M. Það (XVIII. tafla) liggur spölkorn fyrir sunnan Litla Víðiker og er sporöskjulagaður garður umhverfis túnið, sem er 400 álna langt og 150 álna breitt. Það ligg-

ur í litlum halla undir brekku, nær 400 álnum fyrir austan Svartá. Túnið er mjög sandorpið, en sumstaðar vaxið grasi og fjallhrapa. Á túninu eru þrjár tóftir. 1. Bærinn; í fremri lengjunni hafa verið 3—4 hús (*c*—*f*) og 2 (*a*—*b*) í hinni eftri og auk þess hringmynduð girðing (*g*) við suðurstafn bæjarhúsanna; í stærri tóftinni (*a*) í eftri lengjunni fanst eldstó, kol og aska. Ein tóftin í framlengjunni hefir líklega verið fjós. 2. og 3. tóftin er mjög óglögg; þar hafa líklega verið fjárhús.

Hátún (*19*). Aftan við lýsing Víðikers í jarðab. Á. M. stendur: »Hátún kallast örnefni í landinu suður og niður frá kotinu; þar eru nokkrar tóftaleifar ekki ólíkar því, að þar hafi í fyrndinni bygð verið, en ekkert sést þar til girðinga«. — Hátún standa við Svartá spölkorn fyrir sunnan Ullarfors og eru tóftirnar vaxnar grasi og víði.

Bjarnastaðir (*20*). Þar er enn bygt ból, en túnið er nú nær algerlega eytt af sandfoki. Í jarðab. Á. M. stendur aftan við lýsing Bjarnastaða: »*Vaglagerði* kallast örnefni hér í landinu fyrir utan bæinn, sem nú er í sanda uppblásið. Þar ætla menn, að í fyrndinni hafi bygð verið, eru og á því nokkur munnmæli, og finna menn þar í sandinum smiðjusindur, kol og járnmola«. — Þessa býlis sjást nú engar menjar.

Svartárkot (*21*). Um það er meðal annars farið þessum orðum í jarðab. Á. M.: »Svartárkot. Partur af Tungu. Bygt fyrir hér um bil 40 árum í úthögum, þar sem ekki hafði áður bygð verið; afdeilt einasta að túni og lá fyrst undir heimajörðina . . . . . Kvikfé: 9 ær, 2 lömb, 1 sauður veturgamall, 2 hross. Fóðrast kann 1 ungneyti laklega«. — Þar er nú bygð (VI. tafla). — Annar bær (*22*), hvort sem hann hefir heitið Svartárkot eða ekki, hefir löngu áður staðið sunnan (öllu heldur suðaustan) við vatnið (sbr. hér að framan 52. bls.).

Baugsárgerði eða *Tungusel* (*23*). Í jarðab. Á. M. er Baugsárgerði ekki nefnt, en Tungusel talið selstæði heimajarðarinnar Tungu, »þar er mjög lítil girðing í kring og þykir því varla líklegt, að hér hafi bygt ból verið. Má og ekki bygð setja, því heyskapur er enginn fyrir utan þessa litlu girðing, sem sjaldan er unnin«. — Nú er þetta land talið heyra undir Víðiker. Um og eftir síðustu aldamót var haft hér í seli frá Tungu og landið notað á annan hátt, en um miðja þessa öld náði bóndinn í Víðikeri þessu landi undir sína jörð með dómi. Þar sést nú túngarður og ýmsar tóftir, flestar aflagaðar og frá síðari tímum. Heyið af túninu er sett hér saman og ekið heim á vetrum.

Nær því á miðri Mývatnsheiði eða þar sem mætast lönd Bárðdæla og Mývetninga hafa staðið nokkur sel í nokkurn veginn beinni

línu frá suðri til norðurs (vestari línan *a* til *b* á XXIV. töflu), sem sagt er, að hafi legið undir bæina við Svartá. Selin eru:

Litla Víðikerssel, nær hálfrar annarrar klukkustundarreið í norðaustur frá Litla Víðikeri.

Víðigerðissel, nær sömu vegarlengd í norðaustur frá Víðigerði.

Baugsárgerðissel, nær sömu vegarlengd í norðaustur frá Baugsárgerði og 1 klukkustundarreið í norður frá Svartárkoti.

Þessi sel eru á uppdrættinum (XXIV. töflu) táknuð með krossum. Landið hér er grýtt og mýrlent; víðikjör og grasflesjar kringum selin. Í fyrndinni var sá siður í þessum sveitum, að nær alt heimilisfólkið var í seli á sumrin með kýr, ær og geitur; þá var geitfjárræktin meiri en nú, enda getur geitin mjólkað $2^1/_2$ pott á dag, en ærin varla meira en 1 pott. Í seljunum var búið til skyr og smjör, er þótti verða meira og betra, því að hér voru landgœði meiri en heima um bæina. Stundum var og heyjað uppi á heiðinni og heyið reitt síðan heim. Nú er sjaldan haft í seli og ekki nærri frá öllum bæjum; veldur því helzt fólksekla og heigulskapur vinnuhjúa. Selin voru ger í líking við bæina, en öllu minni. Þar var baðstofa, eldhús og búr, svo sem sjá má á Baugsgerðisseli (sjá 27. bls. hér að framan); þar er tvísett tóft (*a* og *b*: 14 × 10 skref); önnur tóftin hefir verið baðstofa, hin búr og eldhús; rétt þar hjá er lítil ferhyrnd girðing og hefir þar líklega verið brunnur, því að hvergi er þar annars vatn að fá. Skamt þaðan á túninu er önnur tóft ($6^1/_2 \times 9$ skref), er sýnist hafa verið opin í annan enda; þar hafa líklega verið kvíar.

Tunga (= Stóratunga) (*24*). Þar er enn bygð, en landið mjög sandorpið.

Langan veg suður frá Svartárkoti og nálægt Suðurá, gegnt Hrauntungu, eru tóftir af stóru ***beitarhúsi*** (*25*); þar eru engjar með fram ánni og þótt Skútustaðir við Mývatn eigi landið, þá var það notað frá Svartárkoti. Veggirnir eru hlaðnir af grjóti og all-háir (sjá mynd á 26. bls. hér að framan). Undir annarri hliðinni í húsinu hefir fjárhúsið (*a*) verið og garði eftir því endilöngu, en undir hinni hliðinni hlaða (*b*) og þil í milli. Aftur af fjárhúsinu hefir verið lítill kofi og hafðist sauðamaður við í honum á nóttum og þá er innistöður voru. Hafði sauðamaður með sér eða var sent að heiman nesti til viku eða lengri tíma í senn.

Hrauntunga (*26*) er nú kallað fornbýli eitt (VII, XIX—XX. tafla), sem komið hefir í ljós á síðari tímum nyrzt í Ódáðahrauni, rétt fyrir sunnan Suðurá og nærri upptökum hennar. Tóftirnar standa við læk á dálítilli sléttu; kemur lækur sá undan hrauninu og verður fljótt töluvert breiður; norðan og austan við sléttuna rennur Svartá og

lækurinn, en á hinar hlíðarnar er hraunið. Sandur hefir um tíma lagst yfir tóftirnar og hraunið umhverfis og gróið svo upp að nokkuru leyti, en síðan hefir þar blásið upp.

1. Bærinn; þar eru 3 hús í einni lengju (*a*, *b*, *c*) og út úr henni 2 kofar að húsabaki (*d*, *e*), svo og 2 kofar fram á hlaðið (*f*, *g*). Í miðju húsinu *a* hefir verið eldstó og þrep (set) virðast hafa verið undir hlíðunum. Úr *a* hafa dyr verið á veggnum inn í *b*. Þessi herhergi hafa eflaust verið eldhús og stofa. Úr *c* hafa dyr verið fram á hlaðið. Dyr virðast hafa verið úr *a* inn í *d*; þar hefir fundist beinkambur með eirspöngum, járnnaglar og litlir steinsnúðar, slíkir sem oft finnast í fornum rústum hér á landi; má vera, að þeir hafi verið hafðir sem töflur í tafli. Tóftirnar *e*, *f* virðast hafa verið geymslukofar. Bæjardyrnar hafa líklega verið á *g* og snúið í suður.

2. Lítið ferhyrnt hús (7—8 skref á hvern veg), nær 20 skref suður frá bænum, hefir eflaust verið smiðja, því að þar fanst gjall, kol og aska, eldstál, naglar o. fl.

3. Nær 35 skrefum fyrir sunnan þessa tóft og rétt við lækinn fundust leifar af stórum öskuhaugi, er bersýnilega hafði verið miklu stærri áður, því að mikið af honum hefir runnið niður í lækinn. Í hauginum var mikið af beinum, er varaumsjónarmaður H. Winge hefir rannsakað og fundið vera af hestum, geitfé og smávöxnu sauðfé, enn fremur fáein bein af smávöxnum nautgripum.

4. Þessi tóft er 16 skref að lengd og $3^1/_2$ skref að breidd; fjárhús.

5. Tvískift tóft, 15 skref að lengd og $3^1/_2$ skref að breidd; fjárhús.

6. Þessi tóft er mjög óregluleg; hún er 4 skref að breidd í annan endann og nær helmingi breiðari í hinn. Öll er hún 16 skref að lengd; hefir líklega verið fjárhús eða hesthús og heygarður við.

7. Kringlótt girðing, 8 skref að þvermáli, dyr vita í norður. Hér hafa verið kvíar.

8. Kringum túnið að norðan og vestan liggur túngarður í boga; að austanverðu er lækurinn og sandhólar að sunnan.

Það er eflaust þetta fornbýli, sem nefnt er í jarðabók Á. M. (Hdrs. J. Sig. 61. fol., 260. bls.) og þar farið um þessum orðum: »*Skútustaðir* kallast fornt eyðiból í Mikley í Skútustaða afrétt, sem liggur fram og austur frá Stórutungu landi; þar eru miklar girðingar og tóftarústir og er sagt, að Skútustaðir við Mývatn hafi staðið hér í fyrndinni. Svo þykjast og kunnugir menn hafa séð hér kirkjugarðsleifar fyrir nokkrum árum. Ekki má hér aftur byggja, því túnstæðið er komið í blauta mýri, en úthey engin«. Í þessari frásögn er ýmis-

legt athugavert. Skútustaðir hafa frá öndverðu staðið á sama stað við Mývatn, sem þeir nú eru, og getur því ekki komið til nokkurra mála, að bærinn hafi verið fluttur þangað úr öðrum stað, en alt þetta land, sem hér ræðir um, hefir legið og liggur enn undir Skútustaði og er því sennilegt, að hér hafi upphaflega staðið sel heimajarðarinnar og því verið kallað Skútustaðasel, en þó hefir þar verið reglulegur bær (»vetr hús«) um langan tíma og þá helzt eftir það er hætt var að hafa þar í seli; það sýna tóftirnar og hinn mikli öskuhaugur. Það hlýtur og að vera misskilningur, að þetta land hafi heitið Mikley, því að svo er að eins nefnd ey ein í Mývatni, er liggur undir Skútustaði, heldur hefir landið, ef til vill, verið kallað Miklimór, því að svo er nú kallað landið suður frá Svartárkoti, eftir því sem bankagjaldkeri Halldór Jónsson segir, en hann er gagnkunnugur um þessar slóðir. Þessum tveim nöfnum er því líklega ruglað saman í jarðabókinni. Enn fremur er næsta ólíklegt, að hér hafi verið kirkja, enda sjást þess nú engin merki, en vera má, að beinin úr öskuhauginum hafi orðið tilefni til þeirrar getgátu.

Hafursstaðir (*27*). Um svæðið fyrir sunnan Sandá og austan Skjálfandafljót er farið þessum orðum í jarðab. Á. M.: »Yxnad[al]ur, Króksdalur, Hafursstaðahlíð og Sandárnes heita örnefni fyrir austan Skjálfandafljót fram frá bygðinni. Það eru almenningar til upprekstурs fyrir afréttarfé úr Bárðardal austan fram og svo hafa Reykdælingar stundum brúkað upprekstur í þennan almenning. *Hafursstaðir* kallast fornt eyðiból í þessum almenningi á Hafursstaðahlíð og sjást þar enn nokkur byggingamerki, rústa og girðinga. Ekki má þetta eyðiból aftur byggja, því það er víði vaxið og heyskapur enginn«. — Fyrir austan Fljótið sjást enn tóftir þessa bæjar eða sels.

Helgastaðir (*28*). Í jarðab. Á. M. stendur: »Helgastaðir kallast örnefni fram með Skjálfandafljóti langt fram frá bygð og eru munnmæli, að þar hafi bygð verið og kirkjustaður. En engi sjást þess nú merki og ætla sumir, að Fljótið hafi tekið þessa jörð með landbroti, svo sem líklegt sýnist, hafi hún nokkurn tíma til verið«. — Nú segja menn, að Helgastaðir hafi verið í nánd við Kiðjagil, 6—7 klukkustunda reið suður frá Íshóli, og þykjast menn geta bent á staðinn, þar sem bærinn var, en engar tóftir sjást þar, enda er allur jarðvegur blásinn burt af þessu svæði, hálfa leið heim undir Íshól, úr því eru að eins fáeinar grasflesjar eftir.

Íshóll (*29*). Í jarðab. Á. M. er jörðinni lýst svo: »Kvikfé: 1 kýr, 41 ær, 15 sauðir tvævetrir og eldri, 20 veturgamlir, 26 lömb, 2 hestar, 2 hross. Fóðrast kann 2 kúa þungi. Skógur til kolgjörðar að mestu eyddur, en til eldiviðar bjarglegur. Víðirif til heystyrks . . . .

Úthagarnir góðir og miklir«. — Íshóll stendur sunnan við Íshólsvatn og fyrir vestan Rangá, er fellur sunnan í það. Hér var bygð til 1897 og standa bæjarhús og útihýsi enn. Fyrir 40 árum var enn birkiskógur á hæðunum við vatnið, en nú er þar skóglaust og túnið komið í sand. Fyrir norðan Íshól sjást tóftir og er sagt, að þar hafi verið sel eða beitarhús. Þar í grendinni eru og rústir af geitahúsi.

Hofgarður (*30*). Í jarðab. Á. M. stendur: »Horngarður eða Hofgarður heitir fornt eyðiból hér skamt fyrir framan [ɔ: fyrir framan Íshól]; þar eru mikil garðalög og margar rústir og ætla menn, að þetta hafi stór jörð verið. Ekki má hér aftur byggja, því túnið er að kalla alt víði vaxið«. — Hofgarður (XXI. tafla) stendur fyrir austan Rangá og gegnt Íshóli. Þar sjást miklar tóftir og margar.

1. Lítil (6 x 8 skref) og fremur óglögg tóft, er sýnist vera tvískift.

2. Mjög lítil og óglögg tóft.

3. Löng tóft og mjó, 13 x 4 skref.

4. Tóft með þvervegg nær vesturenda og dyr á við nyrðri hliðvegg (16 x 8 skref). Ef hér hefir hof verið, þá er þessi tóft líklegust til að vera af hofinu, en engin hinna.

5. Bærinn. Tvísett tóft (18 x 7 x 6 skref); í neðri tóftinni, þeirri er veit að ánni, er þverveggur nær norðurenda; efri tóftin er óglögg.

6. Lítil tóft, 10 x 6 skref.

7. Tóft, sem er 17 skref að lengd; við efri enda hennar er önnur tóft um þvert, nær jafnlöng hinni, og enn önnur minni þar innan í; þar hefir verið heygarður eða hlaða.

8. Stór og mikil tóft, 37 skref að lengd og 12 að breidd, og önnur lítil, 6 x 6 skref, við suðurhlið hennar; í norðausturhorni stóru tóftarinnar er lítil kró.

9 *a*—*e* og 10—12. Girðingar á túninu og túngarðar.

Hólkot (*31*). Í jarðab. Á. M. stendur á eftir lýsing Mýrar: »*Mjóadalskot* og ***Hólkot*** kallast tvö eyðiból á Mjóadal fyrir vestan ána og sjást enn nokkur byggingamerki á báðum þeim, bæði tóftarústa og túngarða. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi og svo fjarska við bygðina«. — Á Hólkoti hafa sést rústir til skamms tíma, en nú eru þær komnar í sand.

Mjóidalur (*32*) er ekki nefndur sem sérstakt býli í jarðab. Á. M., sem segir, að svo kallist »eitt dalland, sem liggur fram frá Mýri og er almenningsafréttur Bárðardalshrepps fyrir vestan Fljótið út að Djúpá, svo sem rómast«. — Fyrir nær 100 árum var bær reistur þar á dalnum og kallaður Mjóidalur; þar voru þá fyrir gamlar tóftir og

girðingar, sem án efa hafa verið rústir af Mjóadalskoti, sem Á. M. getur um og nefnt er hér að framan (sbr. *31*). Þessi bær fór aftur í eyði 1894, en húsin standa.

Hátún (*33*). Í jarðab. Á. M. stendur aftan við lýsing Mýrar: »Hátún kallast örnefni hér í landinu sunnarlega og sjást þar nokkur deili til fornra garða og tóftarústa, ei ólíkt því, að þar hafi í fyrndinni bygð verið, þó það viti öngvir með sanni að segja. Ekki má hér aftur byggja, því túnstæði er víði vaxið«. — Hátún var neðst í Mjóadal; var haft þar í seli frá Mýri og selið kallað *Mýrarsel*; en nú eru tæp 50 ár síðan því var hætt. Sagt er, að leifar hins forna túngarðs sjáist þar enn.

34. Í tungunni milli Fiskiár, er rennur úr Íshólsvatni, og Mjóadalsár, skamt frá ámótunum, komu í ljós fyrir fám árum tóftir nokkurar, er jarðveg reif þar ofan af í sandfoki (XX. tafla). Tóftirnar eru 7 alls, en túngarður sést þar enginn. Allar virðast tóftirnar, nema ein, að hafa verið sérstök hús og ekki áfastar. Í þremur þeirra fundust eldstór, kol og aska. Vera má, að eitt þessara húsa hafi verið smiðja, en hin tvö hljóta að hafa verið bæjarhús, sem þá hafa verið frálaus hvort öðru, svo sem títt var í Færeyjum og Noregi á elztu tímum. Í þessum tóftum fundust snældusnúðar, járnmolar, glertölur marglitar, steinsnúðar, sem líklega hafa verið hafðir í tafli o. fl.

Rústirnar standa á berum sandinum á vestari bakka Fiskiár; gras sést þar hvergi og hefir grjótið úr veggjum sumra tóftanna runnið út á sandinn og eru þær því ógreinilegar.

1. Örlitlar leifar af litlu húsi; stærð þess verður ekki ákveðin.

2. Tvískift tóft; breidd 4 skref, lengd 4 og 8 skref. Í stærra hólfinu miðju var eldstó, kol og aska og nokkurir járnnaglar.

3. Lítil ferhyrnd tóft; stærð hennar verður ekki ákveðin.

4. Stór tóft, nokkuð óglögg, 7 × 20 skref hér um bil.

5. Mjög óglögg tóft.

6. Ferhyrnd tóft, breidd 6 skref, lengd 13 skref. Þar fanst eldstó, kol og aska.

7. Örlitlar leifar af litlu húsi, á að gizka 2 × 2 skref.

Litlatunga (*35*). Hér hefir verið bygt ból til skamms tíma.

Mýri (*36*) er enn mikil jörð og góð.

Halldórsstaðir (*37*) er nú prestsetur þeirra Bárðdæla.

Litluvellir (*38*). Þar er enn bygt ból.

Sexhólsstaðir (*39*). Í jarðab. Á. M. er svo kallað fornt eyðiból í Stóruvallalandi »með sýnilegum byggingaleifum, tófta og girðinga«. Í Jarðatali Johnsens, Kh. 1847, er það kallað Seyhólstaðir og er það

alveg rangt, líkl. prentvilla. — Þar sést enn víður túngarður og hefir hér verið stórbýli. Í jarðab. Á. M. segir, að Sexhólsstaðir og Hlíðskógar (42) »meinist hafa af fallið í stóru plágunni«, en munnmæli segja, að skriða hafi hlaupið yfir bæinn og túnið og eytt hvorttveggja og er það sennilegra. Annars mun nafnið vera afbakað; geta mætti til, að bærinn hafi heitið Söxólfsstaðir.

Stóruvellir (*40*) hafa verið og eru enn stórbýli. Sagt er, að bærinn hafi áður staðið þar sem nú heitir á

Grund (*41*), en sá staður er ekki nefndur í jarðab. Á. M. Fyrir nær 20 árum voru hér sett fjárhús og er grafið var þar niður fyrir undirstöðum í fornum tóftum, fundust greinilegar menjar hins forna bæjar. Auk þess sést hér niðursokkinn og óglöggur túngarður umhverfis fjárhúsin. Skriður hafa hlaupið úr fjallinu hér niður á vellina og má vera, að bærinn hafi verið færður fyrir þá sök.

Hlíðskógar (*42*). Um þá er farið sömu orðum í jarðab. Á. M. sem um Sexhólsstaði (39). — Þar sjást nú að eins ógreinilegar tóftir.

Sandhaugar (*43*). Þar er nú bygt ból. Jarðab. Á. M. segir, að þar í landinu heiti *Sandhaugasel* og sé þar »nú stekkjarstæði heimajarðarinnar; þar er girðing í kring, ei ólík fornum túngarði, og ætla því sumir, að þetta hafi í fyrndinni bygt ból verið«.

Geitagerði (*44*) er ekki nefnt í jarðab. Á. M. Þar er nú tvísett fjárhús með heyhlöðu og heygarði og er kringlótt girðing hér umhverfis. Þessi staður er á láglendinu rétt undir fjallshlíðinni; undirlendi er hér mikið, 7—800 álnir að breidd niður að Fljótinu, og sjást þar víða gamlar girðingar og tóftir, en næsta örðugt að greina garða og girðingar frá náttúrlegum mishæðum, því að hér er jarðvegur allur kominn í móa með þúfum og lautum. Að sögn hét Geitagerði áður *Hnúkakot*.

Hlíðarendi (*45*). Í jarðab. Á. M. segir, að þar heiti nú Syðra Eyjadalsársel og sé Hlíðarendi »forn eyðihjáleiga suður frá staðnum í úthögum; hún hefir nú í eyði legið í 39 ár. Fóðrast kunni síðast bygt var 1 kýr hálfan vetur að meðreiknuðu töðufalli af heimadagsláttunni. En nú er hjáleigan í reiti komin og má ekki aftur byggjast fyrir heyskaparleysi«. — Kotið hefir þó bygst aftur, því að hér sjást rústir bæjarins, er fór í eyði 1891.


Eyjadalsá (*46*). Hér er enn bygt ból; var áður kirkjustaður.

Hvarf (*47*). Í jarðab. Á. M. er það kallað »fornt eyðiból í staðarlandinu [o: landi Eyjadalsár] utarlega og ætla menn, að sú jörð hafi eyðilagst í stóru plágunni, en ljós eru byggingamerki, garðstæða

og tóftarústa. Ekki má hér aftur byggja fyrir heyskaparleysi«. — Jörð þessi hefir þó bygst aftur og er þar enn bygt ból.

Öxará (*48*). Þar er enn bygt ból. Í jarðab. Á. M. segir, að *Öxarársel* heiti »forn selstaða þessarar jarðar sunnarlega í landinu. Þar er lítil girðing í kring og ei meira en dagslátta innan garða og því ætla menn, að hér hafi ekki bygð verið. Fyrir hér um 30 árum lá ein fátæk kona með börn sín við þessi selhús um eitt eður tvö ár«.

Ljósavatn (*49*), stór jörð og góð; kirkjustaður.



Á þessum rannsóknarferðum mínum leitaðist ég einkum við að fá vitneskju um, hvernig til hefir hagað á bæjunum í fornöld og sér í lagi hvernig húsaskipunin hefir verið. Fyrir því kannaði ég einkum þær sveitir, sem eru afskektar og fyrir löngu komnar í eyði, því að þar gerði ég mér í hugarlund að finna mætti helzt hina upphaflegu húsaskipun, enda brást mér eigi sú von.

Í öllum höfuðatriðum hefir húsaskipunin verið hin sama um alt land. Veggirnir hafa alstaðar verið hlaðnir af torfi, oftast eingöngu, en stundum hafa þó verið lög af grjóti milli torflaganna neðst í veggjunum, svo sem nú tíðkast. Í fornöld sýnast bæjarhúsin venjulega að hafa staðið saman og þá oftast í einni eða tveimur lengjum. Að eins örsjaldan hafa þau verið frálaus hvert öðru, svo sem í Noregi og Færeyjum á elztu tímum. Að eins í einni bæjarrúst, sem auk þess mun vera frá síðari öldum, hafa húsin staðið beggja megin við göng, svo sem nú er títt. Sú húsaskipun virðist ekki hafa verið tíðkuð hér á landi í fornöld, að minsta kosti eigi í þeim sveitum, sem ég hefi kannað, enda þótt hún sé alkunn af grænlenzkum rústum og bæjum hér á landi frá síðari öldum. Þessi húsaskipun virðist vera komin upp nokkuð seint, en þó áður en samgöngur milli Íslands og Grænlands hættu á 13. öld. Hin elzta húsaskipun hefir jafnvel haldist í afskektum sveitum að mestu leyti óbreytt til vorra daga.

Það sést og af rannsóknum mínum 1897, að á Norðurlandi hafa menn í fornöld haft hús handa öllu búfé sínu, en á Suðurlandi að eins handa kúm, enda eru hörkur meiri á Norðurlandi en Suðurlandi.

Í fornöld hefir verið alinn mikill fjöldi geitfjár, bæði hér og á Grænlandi; má sjá þess ljós merki, er beinin úr öskuhaugunum eru rannsökuð.

Selfarir hafa verið tíðkaðar á Norðurlandi alt fram á vora daga, svo sem í Noregi og á Grænlandi í fornöld, og húsin voru hin sömu sem á hinum fornu bæjum (eldhús, búr, skáli eða baðstofa).




Þess skal getið, að 1 skref er = c. $1\frac{1}{5}$ al.


TAVLER

SÆRTRYK AF „ÁRBÓK HINS ÍSLENSKA FORNLEIFAFJELAGS“ 1898 OG
„GEOGRAFISK TIDSSKRIFT“ 14 BIND.

Tavle I



Ferðir Daníels Bruuns á Íslandi 1897.



(D. Bruun).

Hvítárvatn sjeð frá ıústun‥m við Tjarnà.


Parti ved Hvitaavatn, set ·ra Ruinerne ved Tjarnaa.



(D. Bruun).

Langjökull og Jarlhettur sjeð ·á rústunum við Þórarinsstaði.


Parti af Langjøklen med Jarlhættern· set fra Ruinerne ved Thorarinsstad.



(D. Bruun).

Kerlingarfjöll sjeð fra Gránanesi við Svartá.

Kjællingefjældene, sete fra „Gránanes“ ved Svartaa.



(D. Bruun.)

Kerlingarfjöll. Syðsti hluti Hveradalsins.

Kjællingefjældene. Den sydligste Del af Kildedalen.



(D. Bruun).

Kerlingarfjöll. Hægra megin Hofsjökull, Mælifellshnjúkur beint fram undan.

Parti fra Kjællingefjældene. Kløften med Kilderne; i Baggrunden Kjølen med Hovsjøklen (t. H.).



(D. Bruun).

Austurdalur í Skagafirði — sjeð frá norðri til suðurs. Hægra megin við ána eru Skatastaðir — vinstra megin beint à móti eru rústir af Kolgrímastöðum.

Parti af Østerdalen i Skagefjords Syssel (set mod Syd).



(D. Bruun)

Svartárkot við Svartárvatn — Hinum megin við vatnið Ódáðahraun. Aptast Sellandafjöll og Bláfjall.

Svartaakot ved Svartaavatn.

I Baggrunden Udaadehraun; derover Sellandafjæld og Blaafjæld.



(D. Bruun)

Hrauntunga — Ódáðahraun.

Parti ved Ruingruppen Hrauntunge i Udaadehraun.

Tavle VIII.

Ødegaarden „Laugahvammar“ i „Árnes“ Syssel.

1. Beboelseshuse, Kostald m. m. 4. Gjærde af Sten.
2. Lille Hustomt, meget usikker. 5. Varde fra nyere Tid.
3. Hustomt (Kirke?). 6. Tungjærde.

---

a, b, c. Beboelseshuse.


d. Kostald til c. 20 Køer. Nogle Baasesten ses.

e. Hølade.

f. Indhegning.


Husvæggene have været af Græstørv og Sten.

Árnessýsla.



Laugahvammar.

1. Íbúðarhús o. fl.
2. Lítil tópt, sem óvíst er hvað verið hefur.
3. Tópt (Kirkja?).
4. Steingirðing.
5. Nýleg varða.
6. Túngarður.



Laugahvammar.

a, b, c. Íbúðarhús.
d. Fjós fyrir h. u. b. 20 kýr. Sumar báshellurnar sjást.
e. Heyhlaða.
f. Rjett(?).

Veggirnir hafa verið úr grjóti og torfi.

Tavle IX.

Den udgravede Ruin ved „Hvítárvatn.“

A og *B* ere mulig kun ét Rum.

Ildsteder findes ved *b*, *c* og *h*.

C. Rummet har „Langilde“ langs Midten (*l* og *n*). Ved *m* er et lille firkantet Hul, hvori Gløder holdtes tildækkede Natten over. Bænke af Sten eller Jord findes langs Siderne (*o*).

D. Hus (Bur eller Pakhus?).

E. Indhegning (Høgaard eller Fold?).

F. Lille Hus (Hestestald?).


G. Hus (Stald?),

De øvrige smaa Bogstaver angive Findesteder for forskjellige Gjenstande.

Ødegaarden „Búðarárbakki“ i „Arnes“ Syssel.

1. Beboelseshuse m. m. (Stald?).
2. Hustomt.

Arnessýsla.



Hvítárvatn, rústir við Tjarná.

A og *B* eru ef til vill sama tóptin, eldstór eru við *b*, *c* og *h*.

C. *l* og *n* eru eldgrafir. *m* er ferhyrnd gryfja, þar sem eldur var falinn á nóttum.


D. Útihús (búr eða skemma?).

E. Girðing (heygarður eða rjett?).

F. Lítið hús (hesthús?).

G. Fjós?

Aðrir bókstafir tákna staði, þar sem gripir hafa fundizt.



Búðarárbakki.


1. Íbúðarhús o. fl. (fjós?).
2. Tópt.

Tavle X.

Ruingrupperne „Hringanes“ (I) og „þrælsgerði“ (II) i Vesterdalen.

ad I. 1. Beboelseshuse m. m. 2, 3, 4. Smaa Hustomter.
5. Tungjærde. 6. Gamle Kulgrave.
ad II. 1. Hustomt. 2. Tungjærde. 3. Fold.

Vesturdalur í Skagafirði.




Tavle XI.


Ødegaarden „Hringanes" (se Tavle X), i Vesterdalen,
Tæt sammenstillede Beboelseshuse m. m.

Ødegaarden „Tunga" i Vesterdalen.
a, *b*, *c*, *d*, *e* og *f* Beboelseshuse og Faarestalde m. m. tæt sammenbyggede. *g*. Aaben Fold.

Vesturdalur í Skagafirði.



Hringanes (sbr. töflu X).
Íbúðarhús o. fl.




Tunga.
a, *b*, *c*, *d*, og *f* Íbúðarhús, fjárhús o. fl. *g*. Opin kví eða rjett.


Tavle XII.

Ødegaarden „Klaustur" i Vesterdalen.

1. Hustomt (Kirke?). 2, 3. Hustomter. 4. Fold(?).
5. Beboelseshuse(?). 6. Stald med Hølade(?).
7. Utydelig Hustomt.

Vesturdalur í Skagafirði.





Klaustur eða Klausturhólar.


1. Kirkja(?). 2, 3. Tóptir. 4. Kví(?). 5. Íbúðarhús. 6. Fjárhús og heyhlaða(?). 7. Ógreinileg tópt.

Tavle XIII.

Ødegaarden „Hrafnsstaðir“ i Vesterdalen.

1. Fold. 2—6. Hustomter. 7. Tungjærde.

Vesturdalur i Skagafirði.



Hrafnsstaðir.

1. Kví (?). 2—6. Tóptir. 7. Túngarður.


Tavle XIV.

Ruiner af „Örlýgsstaðir“ i Skagefjorden.

1 og 2. Hustomter. 3. Tungjærde. 4. ødelagt Gravhøj.


Ruiner af „Einirlækur“ i Østerdalen.

1 og 2. Sæterhytter eller Faarestalde. 3. Tungjærde.



Örlýgsstaðir.

1 og 2. Tóptir. 3. Túngarður. 4. Leifar af fornum haug.



Einirlækur.

1 og 2. Selkofar eða fjárhús. 3. Túngarður.

Tavle XV.


Ruiner af „Hólakot“ i Østerdalen.

1, 2, 3. 4. Stalde og Sæterhytter (?). 5. Tungjærde.

Ruiner af „Fitjar“ i Østerdalen.


1. *a* og *b*. Faarestalde.
   c og *d*. Haver.
2. En gammel Skillesti („stekkur“).

Austurdalur í Skagafirði.



Hólakot.

1, 2, 3, 4. Fjárhús og selkofar(?). 2. Túngarður.



Fitjar.


1. *a* og *b*. Fjárhús.
   c og *d*. Garðar.
2. Gamall stekkur.

Tavle XVI.

Ødegaarden „Kolgrímastaðir“ i Østerdalen.

1. Beboelseshuse m. m. (*a*, *b*, *c*, *d* og *e*). 2. Lille Hus (Smedje?) 3—6. Stalde med Hølader. 7. Tungjærde. 8—9. Usikre Tomter.

Austurdalur í Skagafirði.



Kolgrímastaðir.


1. Íbúðarhús o. fl. (*a*, *b*, *c*, *d* og *e*). 2. Lítið hús (smiðja?). 3–6. Fjárhús og heyhlöður. 7. Túngarður. 8—9. Ógreinilegar tóptir.

Tavle XVII.

Ødegaarden „Litla Víðiker“ i Baardardalen.

1. Beboelseshuse m. m. 2. Lille Hus (Smedje?). 3. Stald med Hølade. 4. Stald med Høgaard. 5. Lille Hus. 6. Malkefold. 7. Hustomt. 8. Stald med Hølade. 9. Tungjærde.

Bárðardalur í Suður-Þingeyjarsýslu.



Litla-Víðiker.


1. Íbúðarhús o. fl. 2. Smiðja(?). 3. Fjárhús með heyhlöðu. 4. Fjárhús(?) og heygarður. 5. Lítið hús. 6. Rjett eða Kví(?). 7. Tópt. 8. Fjárhús og heyhlaða 9. Túngarður.


Tavle XVIII.

Ødegaarden „Víðigerði“ i Baardardalen.

1 a—g. Beboelseshuse med Stalde (?). 2 og 3. Hustomter.
4. Tungjærde. 5. Markskjel.

Bárðardalur í Suður-Þingeyjarsýslu.





Víðigerði.


1 *a—g*. Íbúðarhús og fjós (?). 2 og 3. Tóptir. 4. Túngarður. 5. Landamerkjagarður.

Tavle XIX.

Ødegaarden „Hrauntunga" i Udaadehraun.

1. Beboelseshus. 2. Smedje. 3. Askemødding. 4—6. Stalde o. l. 7. Fold. 8. Tungjærde.

Ódáðahraun.



Hrauntunga.

1. Íbúðarhús. 2. Smiðja. 3. Öskuhaugur. 4—6. Peningshús. 7. Rjett eða kví. 8. Túngarður.

Tavle XX.


Ødegaarden „Hrauntunga" i Udaadehraun (se Tavle XIX). Beboelseshusene m. m.

a. Rum med Ildsted (Ildhus). *b.* (Stue (?). *d.* Bur (?). *c* og *e.* Pakhus o. l. f. Pakhus (?).

Ruiner ved „Fiská" i Baardardalen.


1, 3, 5, 7. Rester af smaa Huse med enkelte Rum. 2 og 6. Beboelseshuse med Ildsteder. Heri er fundet forskellige Husgeraadssager o. l. 4. Rest af et større langagtigt Hus (Stald ?).

Ódáðahraun.



Hrauntunga.

a. Eldaskáli. *b.* stofa(?). *d.* Búr(?). *c* og *e.* Skemmur. *f.* Skemma(?).




Rústir við Fiská í Bárðardal.

1, 3, 5 og 7. Leifar af litlum húsum. 2 og 6. Íbúðarhús með eldgröfum; í þeim fundust ýmisleg búsáhöld. 3. Leifar af húsi (fjárhúsi?).

Tavle XXI.

Ødegaarden „Hofgarður" i Baardardalen.
1, 2, 3, 6, 7. Hustomter (Stalde m. m.). 4. Hovtomt (?). 5. Beboelseshuse. 8. Fold. 9 *a, b, c, d, e*. Indhegninger. 10. Tungjærde. 11. Gjærde. 12. ældre (?) Tungjærde.

Bárðardalur (Króksdalur) í Suður-Þingeyjarsýslu.




Hofgarður.

1, 2, 3, 6, 7. Tóptir (Fjárhús). 4. Hoftópt(?). 5. Íbúðarhús. 8. Rjett(?). 9. *a, b, c, d, e,* Girðingar. 10. Túngarður. 11. Girðing. 12. Gamall(?) túngarður.


Tavle XXII.

„Eyvindarkofi“ ved S. Ø.-Enden af Hovsjökel (Arnarfellsjökel).
Ruin. af en Eneboerhytte fra f. Aarh.


Ruiner af „Dofrastaðir“ i Nærheden af „Stóri-Núpur“.
1, 2, 3. Hustomter. 4. Fold.



Eyvindarkofi (nálægt Arnarfellsjökli).




Dofrastaðir (nálægt Stóra-Núpi í Árnessýslu).
1, 2, 3. Tóptir. 4. Rjett eða kví.



Uppdráttur
af
Austur- og Vesturdal í Skagafirði.

Kort over Øster- og Vesterdalen i Skagefjord.



Uppdráttur

af

Bárðardal.

Kort over Baardardalen.